

# Þróunarfélag Grundartanga

Starfsemi félagsins

Nóvember 2024



GRUNDARTANGI ehf.  
PRÓUNARFÉLAG



# Um Þróunarfélagið

Markmið Þróunarfélagsins eru að Grundartangi verði fyrirmynd á heimsvísu sem grænn iðngarður með hringrásarhugsun. Slík áform byggja á þéttri samstarfi og aðkomu bæði fyrirtækjanna á svæðinu, sveitarfélaganna, Faxaflóahafna og stjórnvalda.

- Stofnað 2016
- Stofnaðilar
  - Sveitarfélög í nágrenni Grundartanga
  - Faxaflóahafnir
- Samstarfsvettvangur hagaðila
  - Sveitarfélög
  - Faxaflóahafnir
  - Fyrirtæki með starfsemi á Grundartanga



HVALFJARÐARSVEIT



BORGARBYGGÐ



SKORRADALSHREPPUR



AKRANESKAUPSTAÐUR



REYKJAVÍK



REYKJAVÍK HARBOUR




# Grundartangi – grænn iðngarður með hringrásarhugsun

Með atbeina Þróunarfélagsins hefur verið mótuð sjálfbærnumgjörð með öllum fyrirtækjunum á Grundartanga. Umgjörðin er höfð til hliðsjónar við stofnun og starfsemi væntanlegs klasa: Grundartangi – grænn iðngarður með hringrásarhugsun.

Öll fyrirtækin á Grundartanga ásamt sveitarfélög svæðisins og Faxaflóahafnir munu verða þátttakendur að klasanum og hafa undirritað viljayfirlýsingu um það.

Ávinningurinn er margvíslegur fyrir bæði samfélagið og félögin á svæðinu og snýr m.a. að auknum tekjum, bættri ímynd, sparnaði og mildun áhættu. Stefnt er að formlegri stofnun hans fljótlega.





# Helstu verkefni Þróunarfélagsins


Þróunarfélag Grundartanga hefur komið að fjölmörgum verkefnum á svæðinu sem öll eiga það sammerkt að stuðla að auknu samstarfi, fjölgun atvinnutækifæra og ekki hvað síst aukinni sjálfbærni og hringrásarhugsun. Vinnan við gerð sjálfbærniugjarðar með fyrirtækjunum á svæðinu hefur verið með stærri verkefnum Þróunarfélagsins. Auk þess eru hér fáein dæmi um önnur verkefni:

## Hraðhleðslustöð á Grundartanga

Þróunarfélagið hefur unnið að uppsetningu hraðhleðslustöðvar á Grundartanga í samvinnu við Faxaflóahafnir og væntanlega rekstaraðila stöðvarinnar. Þessi stöð mun styðja fyrirtækin og starfsfólk svæðisins til orkuskipta í samgöngum til og frá svæðinu.

## Hitaveita á Grundartanga

Þróunarfélagið hefur verið að undirbúa hita- og gufuveitu á Grundartanga sem mun nýta glatvarma frá Elkem. Með tilkomu hita- og gufuveitunnar mun minnkar raforkunotkun sem í dag er nýtt til að hita allt vatn á Grundartanga og sömuleiðis mun minnka olíunotkun við nýtt er við framleiðslu gufu á svæðinu. Hefur Þróunarfélagið fengið styrki frá stjórnvöldum til að undirbúa þetta verkefni.



# Helstu verkefni Þróunarfélagsins

## Markaðs- og kynningarmál

Þróunarfélagið vinnur að kynningar og ímyndarmálum fyrir svæðið. Framundan er nú vinna við að móta kynningarefni og sérstakt merki fyrir klasann: Grundartangi Grænn iðngarður með hringrásarhugsun. Byggt verður á því efni sem þegar hefur verið gert í tengslum við klasann og það þróað áfram.

## Borhola

Þróunarfélagið hefur að undanförmu unnið að undirbúningi tilraunaborholu til að kanna með möguleika á niðurdælingu CO<sub>2</sub> í samvinnu við Carbfix og Elkem.

## Greining á rafeldsneyti

Þróunarfélag Grundartanga með stuðningi opinberra aðila, stóð fyrir gerð fyrstu greiningar um rafeldsneyti á Íslandi. Sú skýrsla hefur verið mörgum innblástur hugmynda um bætta nýtingu orkuauðlinda.

## Glatvarmavirkjun - framtíðaráform


Svo má nefna möguleika á einu stærsta og metnaðarfullsta verkefni svæðisins – sem er möguleg nýting glatvarma frá Elkem. Þar er verið að kanna með virkjun glatvarmans til raforku- og hitaveitu í stærri skala en áður hefur verið gert. Hefur Þróunarfélagið unnið með stjórnvöldum að breytingum á raforkulögum til að gera mögulegt að selja og nýta þessa raforku.



# Samskipti við ný félög

Undanfarið hefur verið töluverður áhugi nýrra félaga á að starfa á Grundartanga. Félögin eiga það sammerkt að vilja tengjast vegferðinni sem felst í grænum iðngarði

- Fiskeldi
- Rafeldsneytisframleiðsla
- Framleiðsla málma
- Gervigreindargagnaver
- Fóðurverksmiðja
- Próteinframleiðsla
- Vetnisframleiðsla
- Og margt fleira...







**GRUNDARTANGI ehf.**  
PRÓUNARFÉLAG - HVALFJARDARSVEIT